

Dalvíkurskóli

**Bekkjarnámskrá 7. bekkjar
skólaárið 2016 - 2017**

Umsjónarkennarar:

Magni Þór Óskarson og Matthildur Matthíasdóttir

Teymiskennsla

Í Dalvíkurskóla er teymiskennsla sem byggist á því að tveir til þrír árgangar vinna töluvert saman og nokkrir umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á nemendum. Nemendur 7. og 8. bekkjar bekk mynda eitt teymi og er þeim ýmist kennt í árgangaskiptum hópum eða blönduðum, bæði í bóklegum- og verklegum námsgreinum. Tveir umsjónarkennarar bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum bekkjanna þó þeir skipti nemendahópnum á milli sín og hafi yfirumsjón með sínum bekk.

Íslenska

Kennari: Klemenx Bjarki Gunnarsson, Magni Þór Óskarsson, Matthildur

Matthíasdóttir

Stuðningur inn í bekk 4 stundir á viku: Ingvi R Ingvason, Guðrún Lárusdóttir

Vikustundir: 4 klst. á viku.

Hæfniviðmið:

Talað mál, hlustun og áhorf

- tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda
- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint fá aðalatriðum
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi

Lestur og bókmenntir

- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað notað þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta
- greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann
- lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap
- aflað upplýsinga úr bókum, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær

Ritun

-skrifað læsilega og af öryggi

-samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa

-beitt helstu atriðum stafsetningar og hefur náð valdi á þeim

Málfræði

-gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það

notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun

-nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum

-notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu beitt þekkingu sinni á málfræði

-gert sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu

Námsefni: Málrækt 3, Minnsta málið, Lestu nú, Sögu- og Flökkuskinna, auk ítarefnis frá kennara.

Inntak náms og kennslutilhögun: Mikil áhersla er lögð á yndislestur sem leið til þess að efla orðaforða, tilfinningu fyrir tungumálinu og þjálfar nemendur í því að njóta ólíkra bókmennta. Auk þess verður mikið lagt upp úr umræðum, ritun og skapandi vinnu með tungumálið. Grunnþáttunum sköpun og læsi er gert sérstaklega hátt undir höfði í vinnubrögðum vetrarins en þó er einnig reynt að flétta inn jafnrétti og lýðræði og mannréttindi þegar við á.

Vinnubrögð sem notuð verða eru bein innlögn, umræður, hópavinna og einstaklingsvinna.

Mikil áhersla verður lögð á að tengja námið við líðandi stund og umræður og dæmisögur oft tengdar samtímanum og samfélagslegum umfjöllunum.

Námsmat: Sjá kennsluáætlun hvernar annar.

Stærðfræði

Kennarar: Guðríður Sveinsdóttir og Lilja Bára Kristjánsdóttir

Stuðningur: Ingibjörg R. Kristinsdóttir

Vikustundir: 180 mín á viku.

Markmið við lok 7. bekkjar getur nemandi

Að geta spurt og svarað með stærðfræði:

- Spurt, tjáð sig munnlega og skriflega um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði og hefur innsýn í hvers konar svara má vænta.
- Leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.
- Sett fram, meðhöndlað, túlkað og greint einföld reiknilíkön, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.
- Sett fram óformleg og einföld, formleg stærðfræðileg rök, skilið og metið munnlegar og skriflegar röksemdir sem settar eru fram af öðrum.

Að kunna að fara með tungumál og verkfræði stærðfræðinnar:

- Notað óformlega framsetningu annars vegar og táknmál stærðfræðinnar hins vegar og sýnt að han skilur innbyrðis tengsl þeirra.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli táknmáls og daglegs máls.
- Sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna.
- Valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar:

- Tekið þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleyðir, með því að nota skráningu með tölum, texta og teikningum.
- Rannsakað, sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega, með því að nota hlutbundin gögn, skráningu og upplýsingatækni.
- Lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir.
- Undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.
- Þekki helstu hugtök um fjármál og geti tekist á við verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga, vinna úr þeim og finna lausn.
- Áttað sig á möguleikum og takmörkum stærðfræðinnar til að lýsa veruleikanum.

Tölur og reikningur:

- Notað ræðar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tagakefnisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi

- Skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu.
- Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum.
- Tekið þátt í að þróa hentugar aðferðir við reikning með ræðum tölum sem byggja á eigin skilningi.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum.
- Nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu, tengireglu og dreifireglu.

Algebra:

- Rannsakað og sett fram talnamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfræði, lýst mynstrum og venslum með tölum, myndum, orðum og á táknmáli algebrunar.
- Notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum.
- Fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með óformlegum aðferðum, þ.e. notað víxlreglu, tengireglu og dreifireglu við reikning, bæði í huga og á blaði.

Rúmfræði og mælingar:

- Notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði.
- Rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- Notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál í raunverulegum aðstæðum, rannsakað aðferðir til að reikna það.
- Áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingunum.
- Rannsakað og gert tilraunir í rúmfræði með því að nota tölvur og hlutbundin gögn.
- Notað hnitakerfi til að tjá og leysa rúmfræðileg verkefni.
- Tengt tölur og útreikninga við flatarmyndir og þrívíða hluti.

Tölfræði og líkindi:

- Safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum.
- Gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim.

- Sótt gögn í gagnabanka, lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum.
- Dregið ályktanir um líkur út frá eigin tilraunum og borið saman við fræðilegar líkur.
- Reiknað út líkur á einföldum tilvikum.

Námsefni: Stika 3a (æfingahefti og nemendabók), stærðfræðispil, þrautir, námsforrit af veraldarvefnum, ýmsar aukabækur og ljósrituð verkefni upp úr bókum eða búin til af kennurum.

Inntak náms og kennslutilhögun: Þeir þættir sem unnið verður með í vetur eru reikniaðgerðirnar fjórar, jákvæðar og neikvæðar tölur, tugakerfið og sætisgildi talna, tugabrot, rúmfræði, mælingar, almenn brot. Einnig verður mikil áhersla á að nýta alls kyns spil sem tengjast stærðfræði og að þjálfar nemendur í þrautalausnum. Viðfangsefni verða tengd daglegu lífi eins og kostur gefst. Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar, svo sem sýnikennsla, skrifleg og munnleg verkefni, verklegar æfingar, þrautalausnir, spil og leikir. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, myndir, töflur og tákn.
- *Sjálfbærni og heilbrigði og velferð* tengjast tölfræðikönnunum sem nemendur munu gera.
- *Lýðræði og mannréttindi og jafnrétti* tengjast vinnu nemenda með þrautir og spil.
- *Sköpun* tengist þrautalausnum nemenda, mynsturgerð og rúmmálsverkefnum.

Nemendur vinna glósur um stærðfræðilegan orðaforða og þekkingu.

Námsmat: Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Enska

Kennari: Magni Þór Óskarson

Vikustundir: 120 mín á viku.

Hæfniviðmið:

Að nemandi skilji talað mál um efni er varðar hann sjálfan, áhugamál hans og daglegt líf þegar talað er skýrt og áheyrilega.

Hlustun:

- Skilji í meginatriðum samtöl og viðtöl af ýmsum toga um efni tengt daglegu lífi og nýtt sér í ræðu og riti.
- Fylgt þræði í aðgengilegu fjölmiðlaefni og efni dægurmenningar sem höfðar til hans og getur sagt frá og unnið með það.
- Geti hlustað eftir einstökum nákvæmum atriðum þega þörf krefur eins og t.d. kynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.

Lesskilningur:

- Skilið megininntak í aðgengilegum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla og brugðist við og fjallað um efni þeirra.
- Fundið lykilupplýsingar í texta í þeim tilgangi að nýta í verkefnavinnu.
- Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólki og fjallað um efni þeirra og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf eins og tómstundir og ferðalög.

Samskipti:

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um áhugamál sín og daglegt líf.
- Bjargað sér við algengar aðstæður, t.d. í verslunum, veitingastöðum og á ferðalögum.
- Notað málið sem samskiptamiðil í kennslustundum og undirbúið, tekið og veitt viðtal.

Frásögn:

- Sagt hnökralítið frá reynslu, framtíðaráformum og eigin skoðunum.
- Greint frá og lýst atburðum og athöfnum með stuðningi gátlista, tónlistar, mynda og svo framvegis.
- Flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu og flutt tilbúið eða frumsamið efni, t.d stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

Ritun:

- Skrifað texta af mismundandi gerðum, með stuðningi t.d. gátlista og fyrirmýnda og hagað máli sínu í samræmi við inntak og viðtakanda.
- Sagt nokkuð lipurlega frá og brugðist við því sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.

- Lýst atburðarás eða því sem hann hefur upplifað og notað orðaforða sem lýsir þróun, hraða, eftirvæntingu o.s.frv.
- Samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.

Menningarlæsi:

- Sýnt fram á að hann þekki til siða, hefða viðkomandi mál- og menningarsvæða og getur borið saman við eigin menningu.
- Sýnt fram á að hann áttar sig á skyldleika erlenda málsins við íslensku, eigið móðurmál eða önnur tungumál sem hann er að læra.

Námshæfni:

- Beitt lykilnámsaðferðum til að auðvelda skilning og notkun á tungumálinu og valið aðferð sem hæfir viðfangsefninu, t.d. umorðað ef hann vantar orð og lesið í aðstæður og getið sér til hvaða samræður fara fram.
- Beitt sjálfsmati og tekið þátt í jafningjamati á raunsæjan hátt og veitt sanngjarna endurgjöf með stuðningi frá kennara.
- Nýtt sér eigin reynslu og þekkingu þegar kemur að því að tileinka sér nýja þekkingu.
- Tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.
- Nýtt sér algengustu hjálpartæki, s.s. uppflettirit, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarvélar.

Námsefni: Build Up 2, vinnubók, Action lesbók, léttlestrarbækur, Iceland in English námsvefur og ítarefni sem kennari leggur til.

Inntak náms og kennslutilhögun:

Leitast verður við að beita fjölbreyttum kennsluáðferðum. Hópavinna og einstaklingvinna eftir því sem við á og samkenntla með 6. bekk. Upplýsingatækni fléttast inní námsefnið sem einnig er samþætt samfélagsfræði gegnum námsvefinn Iceland in English.

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðalista og stök orð, sem og umræðum eða sögugerð út frá myndum, spilamennsku og fleiru.
- *Sjálfbærni* tengist umræðum viðfangsefnum enskunnar og undirbúnum samtölum.
- *Lýðræði og mannréttindi* og *jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda, sem og ýmsum textum og umræðuefnum sem unnið verður með.
- *Heilbrigði og velferð* tengist tjáningu nemenda, að hafa sjálfstraust til að lesa upp fyrir aðra, að geta tjáð sig á góðri ensku og fleira.
- *Sköpun* tengist sögu- og ljóðagerð nemenda, leiklist sem og þegar þeir myndskreyta verk sín.

Námsmat: Sjá kennsluáætlun hvernar annar.

Samfélagsgreinar

Kennari: Matthildur Matthíasdóttir og Skapti Þór Runólfsson

Vikustundir: 240 mín á viku.

Samfélagsfræðin skiptist í sögu, trúarbragðafræði, lífsleikni og landafræði. Markmið samfélagsgreina samkvæmt aðalnámskrá er að vekja áhuga nemenda á umhverfi sínu og tengsl mannsins við umhverfi sitt nær og fjær ásamt því að efla þroska nemenda. Ein leið til að kenna börnum umburðarlyndi er að kynna þeim siði og venjur annarra þjóða og rétt manna til mismunandi trúar.

Hæfniviðmið:

Reynsluheimur

- sýnt fram á skilning á mikilvægum gildum, svo sem kærleika, mannhelgi, félagslegu réttlæti. umhyggju fyrir öðrum mönnum og öllu lífi,
- skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú,
- fylgt ferli orsaka og afleiðinga af gerðum manna og bent á leiðir til úrbóta,
- gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa,
- greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf,
- aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.
- notað mikilvæg hugtök til að fjalla um menningar- og samfélagsmálefni,
- lýst náttúruferlum. sem hafa áhrif á land og gróður,
- áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði
- lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi,
- gert sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar,
- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga,
- rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur, sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu,
- metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð,
- velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélags skipulagi og þjóðfélagsshreyfingum,
- lýst einkennum og þróun íslensks þjóðfélags og tekið dæmi um mikilvæga áhrifaþætti,

- dregið upp mynd af afmörkuðum efnispáttum stórrar og smárrar sögu, nálægrar eða fjarlægrar,
- greint hvernig sagan birtist í textum og munum, hefðum og minningum,
- lýst margbreytileika helstu trúarbragða og lífsviðhorfa og áhrifum þeirra á líf fólks,
- rætt viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og sett í samhengi við atburði daglegs lífs
- gert grein fyrir völdum frásögn um, hefðum, hátíðum, siðum og táknum í kristni og nokkrum helstu trúarbrögðum heims, borið saman valin trúar- og lífsviðhorf,
- nefnt dæmi um áhrif helgiritra helstu trúarbragða á menningu og samfélög, borið kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum,
- gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra,
- lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta,
- gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins,
- gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu,
- lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga,
- sýnt fram á skilning á kostnaði eigin neyslu og sé læs á þau áhrif sem ýmis tilboð og auglýsingar hafa á eigin neyslu og á samfélagið,
- séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.

Hugarheimur

- lýst sjálfum sér og tekið dæmi um þætti sem hafa áhrif á sjálfsmynd hans, svo em úr nærsamfélagi, umhverfi og menningu,
- lýst með dæmum gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats fyrir eigin sjálfsvitund, áttað sig á ólíkum kynhlutverkum á nokkrum sviðum og hvernig þau mótask og breytast,
- gert sér grein fyrir eigin styrkleikum og veikleikum,
- vegið og metið áhrif fyrirmýnda og staðalmýnda, hvernig vinna megi með þau á sjálfstæðan og uppbyggjandi hátt,
- lýst margvíslegum tilfinningum og áttað sig á, áhrifum þeirra á hugsun og hegðun,
- tileinkað sér heilbrigða og holla lífshætti,
- metið jákvæð og neikvæð áhrif ýmissa áreita í umhverfinu á líf hans og tekið gagnrýna afstöðu til þeirra,
- gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna og rætt þýðingu þess
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum,
- sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni

Félagsheimur

- tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu,
- borið kennsl á ólíkan bakgrunn fólks og virt frelsi þess til mismunandi trúar, lífsgilda, skoðana og lífshátta,
- metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt,
- rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga,
- tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum,
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra,
- nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda
- sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra,
- rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra,
- rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum,
- tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt,
- sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

Landafræði

Markmið: Að nemandi

- þekki álfuna Evrópu, helstu borgir, menningu, atvinnuvegi og svo framvegis.

Námsefni: Evrópa, les- og vinnubók.

Námsmat: Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Samfélagsfræði/Lífsleikni

Markmið: að nemandi styrki á skapandi hátt áræði, frumkvæði, hlutverk, ábyrgð og sjálfsmynd sína þegar þeir standa frammi fyrir stórum spurningum sem varða reynsluheim, hugarheim og félagsheim sinn.

Námsefni: Uppeldi til ábyrgðar, Olweus, reynslusögur nemenda, Litli kompás

Inntak náms og kennslutilhögun í samfélagsfræði

Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar, svo sem gagnvirkur lestur, orð af orði, hugstormun, umræður, bekkjarfundir, samvinnunám og leikir. Í lífsleikni verður höfuðáhersla lögð á samskipti og líðan nemenda. Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í kennsluna og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta og myndir. Nemendur fá ærin tækifæri til að spreyta sig á gagnvirkum lestri og öðrum lestraraðferðum.
- *Sjálfbærni* tengist umfjöllun um Rómaveldi og líf Íslendinga til forna.
- *Heilbrigði og velferð* tengist ýmsum þáttum sem unnið verður með í lífsleikni, svo sem samskiptum, líðan og sjálfsmynd.
- *Lýðræði og mannréttindi* og *jafnrétti* tengist umfjöllun um þræla Rómverja og Íslendinga til forna, sem og allri vinnu með trúarbrögð.
- *Sköpun* tengist verkefnavinnu nemenda, hvort sem hún er skrifleg, myndræn eða verkleg.

Námsmat: Sjá kennsluáætlun hverrar annar

Danska 7. bekkur

Kennari: Einar Logi Vilhjálmsson

Stuðningur: Guðrún Rósa Lárusdóttir

Vikustundir: 2 klst. á viku.

Markmið:

- **Lesskilningur:** Geti lesið einfalda og stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum.
- **Samskipti:** Geta kynnt sjálfan sig, greint frá aldri og fjölskyldu. Geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- **Frásögn:** Þjálfari með sér sterka sjálfsmynd sem auðveldi honum að standa frammi fyrir öðrum og flytja mál sitt á dönsku. Sagt frá og lýst sjálfum sér, vinum og fjölskyldu.
- **Ritun:** Skrifað stuttar setningar úr því efni sem unnið hefur verið með. Lýsi í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamáli og vinum. Stafsett flest algengustu orðin og notað algengustu greinarmerki, eins og punkta og spurningarmerki.
- **Menningarlæsi:**
Átti sig á skyldleika erlenda málsins við eigið móðurmál eða önnur tungumál í námi sínu. Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til ytri umgjarðar Danmerkur t.d. landfræðilega legu, staðháttu og þekktra staða.

- **Hlustun:** Hlusta á skipanir og texta sem kenarinn les upp og endurtaka eftir honum. Skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt og jafnvel með látbragði. Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. Einnig er mikið hlustað á söng.

Námsefni: Start, lesbók og vinnubók. Einnig ítarefni frá kennurum, og efni af netmiðlum. Notast verður við vefinn <http://logl.weebly.com/>, forritið Duolingo, kvikmyndir, lestextar og fleira sem getur aukið á fjölbreytni í kennslustundum.

Inntak náms og kennslutilhögun: Vinnubrögð sem notuð verða eru einstaklingsvinna, para og hópavinna, samskipta og tjáningaleikir, kvikmyndaáhorf og fleira efni frá veraldarvefnum sem gefur nemendum innsýn í Danmörku og danska menningu. Notast er við mismunandi kennsluhætti til að ná sem best til allra nemenda. Mikið af kennslunni fer fram í gegnum leik sem byggist á endurtekningu og upprifjun af lærðum orðaforða.

Leitast verður við að tengja grunnþætti Aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* tengist allri vinnu nemenda með texta, orðaforða og hugtaka vinnu.
- *Lýðræði og mannréttindi* og *jafnrétti* tengjast samvinnu nemenda. Í dönskukennslunni er lögð mikil áhersla á para og hópavinnu. Nemendur þurfa að geta unnið með öllum og taka tillit til þess að hæfni nemenda er misjöfn.
- *Sjálfbærni* tengist því að nemendur þurfa að sýna sjálfstæð vinnubrögð og hafa frumkvæði í hópa og para-vinnu.
- *Heilbrigði og velferð* tengist félagslegri vellíðan og tjáningu nemenda. Í dönskukennslunni eru nemendur þjálfaðir markvisst í tjáningu og unnið er að því að styrkja sjálfstraust nemenda til að efla færni í munnlegri tjáningu á dönsku.
- *Sköpun* tengist sérstaklega inn í dönskukennsluna í gegnum munnlega þáttinn. Nemendur gera stutta leikþætti og samtalsæfingar þar sem sköpunarhæfileikar nemenda fá að njóta sín.

Námsmat: Sjá kennsluáætlun hverrar annar.

Náttúrugreinar

Kennari: Guðrún Anna Óskarsdóttir

Vikustundir: 120 mín

Hæfniviðmið

Geta til aðgerða

- greint og sagt frá hvernig tækninotkun og sjálfvirkni getur aukið eða dregið úr lífsgæðum íbúa og umhverfi þeirra.
- greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausir
- rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi
- tekið afstöðu til málefna sem varða heimabyggð með því að vega og meta ólíka kosti

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

- fjallað um þekktar tækninýjungar eða vísindauppgvötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru.
- unnið undir leiðsögn í hópi eftir verkskiptri tímaáætlun við að hana umhverfi, hlut eða kerfi
- fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

- gert sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri.
- lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum.
- útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks
- tengt þekkingu og beitingu vinnubragða í náttúrufræðinámi við lausn annarra verkefna verkefna og hugsanleg áhrif nýjustu tækni og vísinda á vísindalega þekkingu.

Vinnubrögð og færni í náttúrugreinum

- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni.
- útskýrt texta um náttúruvísindi sér til gagns og farið eftir einföldum, munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr öðru tungumáli en íslensku.

- beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið.
- kannað áreiðanleika heimilda með því að nota bækur, Netið og aðrar upplýsingaveitir
- sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulagðan hátt
- hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra.

Ábyrgð á umhverfinu

- tekið eftir og rætt atriði í umhverfi sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa.
- lýst dæmum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni.
- tekið þátt í og sýnt hæfni í samvinnu er lýtur að umbótum í heimabyggð
- gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama.
- tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru

Hæfniviðmið um viðfangsefni

Að búa á jörðinni

- framkvæmt og lýst eigin athugunum á jarðvegi, veðrun, rofi og himingeimnum.
- útskýrt hvernig Ísland byggist upp, hvernig landslag þess og jarðvegur breytist
- rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landsnotkunar og verndunar gróðurs
- lýst veðri í heimabyggð og loftslagi á Íslandi
- útskýrt innbygðis afstöðu sólar og jarðar og hvernig hreyfing þeirra tengist árstíða- og dægraskiptum og því að tíminn líður
- notað gervihnatta- og loftmyndir af yfirborði jarðar, til að lýsa heimabyggð, landinu og heild og völdum svæðum heimsins

Lífsskilyrði manna

- lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum
- útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.
- útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu
- lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmar virðingar í samskiptum kynjanna.
- gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megí gera til að draga úr vatnsmengun.

- lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífa á jörðu

Náttúra Íslands

- lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi
- lýst einkennum plantna og dýra , stöðu þeirra í náttúrunni, tengsl þeirra innbyrðis og við umhverfi sitt
- lýst ólíkum lífkerfum á heimaslóð eða við Ísland
- útskýrt hvernig aðlögun lífvera að umhverfinu gerir þær hæfari til að lifa af og fjölga sér
- lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd.
- útskýrt hvar og af hverju helstu náttúruhamfarir verða, sem búast má við á Íslandi og hvernig viðbrögð við þeim eru skipulögð

Heilbrigði umhverfis

- gert grein fyrir notkun manna á auðlindum,
- dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs
- útskýrt þjónustu sem náttúrulegir ferlar veita
- gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti.
- lýst kröftum sem hafa áhrif á daglegt líf manna

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

- Bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi.
- Lýst hvernig rafmagn verður til, eiginleikum segla og notkun þeirra.
- Gert grein fyrir næringagildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi.

Námsefni

Maðurinn: Hugur og heilsa, Auðvitað – Jörð í alheimi, efni og áhöld fyrir tilraunir og verklegar æfingar, ýmsar fræðibækur, fræðslumyndbönd og verkefni eftir kennara.

Inntak náms og kennslutilhögun

Kennsluaðferðir verða fjölbreyttar svo sem innlagnir, umræður, kennslumyndbönd, hópavinna, vettvangsferðir, verklegar athuganir,

Námsefni bekkjarins skiptist í þrennt, plöntugreining og líffræði fyrri hluta skólaársins, þar sem skoðuð er starfsemi líkamans, lífærakerfa og líffæra, hvernig líffæri og líffærakerfi starfa saman. Þroski lífvera frá unga aldri til elli ára. Skoðaðar nokkrar frumugerðir og hvernig þær vinna saman til dæmis í hjarta. Áhrif fæðu á lífverur og gildi þess að neyta hennar rétt. Fjallað verður um skaðsemi fíkniefna á lífverur. Seinni hluta skólaársins verður farið í eðlisfræði. Í eðlisfræðinni verður fjallað um frumefni, sameindir, efnasambönd, efnablöndur og efnatákn. Efni í mismunandi hömum eru einnig skoðuð ásamt því að átta sig á varðveislu massans. Mælingar verða gerðar á mismunandi hlutum og massi þeirra mældur og áhrif þyngdar á umhverfi sitt. Áhrif hita á mismunandi efni eru skoðuð ásamt því að nota mismunandi leysa til að leysa upp efni. Varmi verður skoðaður og mismunandi hitagjafar, flökkueðli varmans og mismunandi einangrun. Orka og orkulindir verða skoðaðar, mismunandi hitakerfi og orkusparnaður. Að lokum verður rafmagn skoðað, rafrásir, mismunandi perugerðir og áhrif þeirra, síðan verður farið yfir hvaða hættur geta hlotist af rafmagni.

- *Læsi* nemenda byggist á því að geta lesið rétt útúr upplýsingum af veraldarvefnum sem og að lesa verkefnalýsingar. Lesið með og án kennara í námsbókum. Nemendur geti ritað og notað sér læsi til gagns.
- *Sjálfbærni* sem kemur fram í að nemendur ráða sínum vinnuhraða og beri ábyrgð á því að halda áætlun.
- *heilbrigði*, að nemendur geri sér grein fyrir að þeir hafi einungis einn líkama og það verði að hugsa vel um hann.
- *lýðræði og mannréttindi* nemenda felst í að gera þá sjálfstæða í verki, ábyrga í námi og stuðla að vinnugleði hjá þeim.
- *jafnrétti* þar sem nemendur fá verkefni sem höfða til þeirra og er við hæfi hvers og eins.
- *Sköpun*, að nemendur fái frjálssar hendur innan verkefnis til þess að setja sínar hugmyndir í það og að hver og einn fái að setja sitt mark á verkefni innan hóps.

Heimanám

Heimanám verður ekki reglulega

Námsmat Sjá kennsluáætlun hvernar annar.

Skólaípróttir

Kennari: Sólveig Lilja Sigurðardóttir, Ása Fönn Friðbjarnardóttir og Heiðar Davíð

Bragason

Vikustundir: 2 klst.

Hæfniviðmið:

Líkamsvitund, leikni og afkastageta

Gert æfingar sem reyna á loftháð þol.

Gert hreyfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlíma og bols.

Gert flóknar samsettar æfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.

Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.

Tekið þátt í stöðluðum prófum til að meta þrek og hreysti, lipurð og samhæfingu.

Synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8m auk þess að stinga sér af bakka.

Félagslegir þættir

Sýnt virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Jafnframtviðhaft

jákvæðog árangursrík samskipti til að efla liðsanda.

Skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.

Rætt líkamsvitund, kynheilbrigði, staðalímyndir í íþróttaumfjöllun og tekið virka afstöðu gegn ofbeldi.

Heilsa og efling þekkingar

Gert sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífnis fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.

Útskýrt misjafnan líkamlegan þroska einstaklinga og kynja.

Notað hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum.

Tengt hlutverk taugakerfis, hjart, blóðrásar og lungna við líkamlega áreynslu.

Nýtt niðurstöður prófa til að setja sér skammtíma- og langtímamarkmið í íþróttum og heilsurækt og unnið að þeim.

Sótt sér margvíslegar upplýsingar við undirbúning og úrvinnslu verkefna í skólaíþróttum og útivist.

Notað mælingar með mismunandi mælinákvæmni við mat á afkastagetu.

Tekið þátt í glímu og ýmsum leikjum.

Tekið þátt á ábyrgan hátt í útivist með tilliti til aðstæðna og ratað um landsvæði eftir korti.

Öryggis- og skipulagsvenjur

Gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og tekið og tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.

Inntak náms og kennslutilhögun:

Leikir, boltaleikir, áhaldaleikfimi, þrek, æfingar með ýmis smááhöld, bandý, stöðvahringir, teygjur, slökun.

Náið er fylgst með hreyfifærni barnanna. Reynt er að hafa íþróttakennsluna fjölbreytta og skipa ýmiss konar leikir þar stóran sess. Áhersla verður einnig lögð á jákvæðan aga og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Nemendur vinna einir, í pörum eða hópum.

Íþróttir: Nemendur á grunnskólaaldri eru á því aldursskeiði sem einkennist af miklum vexti og örum þroska. Framvinda eðlilegs þroska, hvort heldur sem um er að ræða skyn- og hreyfiþroska líkamans, eða félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska, er að miklu leyti háð hæfilegri áreynslu og samspili markvissra æfinga og leikja. Meginmarkmið íþróttanna er að vinna með þessa þætti og stuðla þannig að heilbrigði og velferð einstaklingsins.

Sund: Að nemendur verði færir um að bjarga sér og öðrum. Einnig að nemendur skilji mikilvægi reglubundinnar sundiðkunar og geti nýtt sér sundið sem líkams- og heilsurækt í framtíðinni. Að nemendur þjálfist í ólíkum sundaðferðum en samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla fyrir 7. bekk er gert ráð fyrir því að nemendur nái valdi á tækni ólíkra sundaðferða og geti synt bringusund, skólabaksund, skriðsund, baksund, kafsund, troðið marvaða, kafað eftir hlut og þjálfist í stungu af bakka. Einnig skulu nemendur geta synt að lágmarki 300 m viðstöðulaust.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskrár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- Læsi tengist umfjöllun um hinar ýmsu merkingar og reglur. Nemendur þurfa að hlusta á og lesa ólík fyrirmæli og þeir skrá niður árangur t.d. í stöðvaþjálfun.
- Sjálfbærni tengist
- Heilbrigði og velferð tengist ýmsum þáttum sem rætt er um t.d. mikilvægi hreyfingar, sturtu og þrífnaðar, mikilvægi þess að kunna að synda. ogsamskipti og líðan
- Lýðræði og mannréttindi
- Jafnrétti tengist t.d. þátttöku fatlaðra í tímum, umfjöllun um jafnræði í íþróttum.
- Sköpun birtist t.d. í hinum ýmsu leikjum t.d. þegar nemendur setja upp þrautabrautir.

Námsmat:

Íþróttir: Símat þar sem kennari metur nemenda jafnóðum. Athuguð er framkoma í tímum, ástundun, hreyfifærni, vilja til þess að taka framförum, þróun í hópíþróttum, leikjavirkni, hreysti, viðhorf, hegðun, virkni og leikfimi. Námsmat fer fram þrisvar sinnum á skólaárinu. Haustiámsmat samanstendur af færni, viðhorfi og hegðun. Vetrarnámsmat samanstendur af þoli, liðleika og virkni. Á vorönn eru metnir þættir eins og *færni í leikjum, hreysti, viðhorf og hegðun, virkni og færni í leikfimi*.

Sund: Námsmat er afhent 2 sinnum yfir veturinn sem umsögn. Á haustönn eru *færni, viðhorf og hegðun* skoðuð og á vorönn fá nemendur umsögn sem kemur inn á atriði eins og áhuga og virkni í tímum, hegðun og sundfærni þar sem samræmd markmið fyrir 6.bekk eru metin með umsögninni: *Markmiði náð- framvinda góð- þarfnast frekari þjálfunar*.

Upplýsinga- og tæknimennt

Kennari:

Vikustundir: Valgrein

Markmið við lok 7. bekkjar geti nemandi

Vinnulag og vinnubrögð:

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- Beitt réttri fingrasetningu.

Upplýsingaöflun og úrvinnsla:

- Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
- Nýtt rafrænt og gangvirklegt námsefni og fjölbreyttan hátt.
- Verið gagnrýnn á gæði ýmissa upplýsinga.
- Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.
- Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.
- Nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.

Tækni og búnaður:

- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.

- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð-og tónvinnslu.
- Nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar

Sköpun og miðlun:

- Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.
- Nýtt hugbúnað og forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.

Siðferði og öryggismál:

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.
- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.

Inntak náms og kennslutilhögun: Kennari leggur fyrir verkefni í upphafi tímans og hvernig skal vinna það, einnig skiptir hann í hópa ef það þarf. Innlögn fer fram á skjá þar sem allir nemendur sjá til hvers er ætlað af þeim. Markmiðið er að kenna þeim hvernig nýta má forrit sem fylgja Microsoft Office á sem bestan hátt. Ef vinnan í tímunum gengur vel er nemendum boðið frjálst tölvuval í lok tímans með þó skýrum reglum og mörkum.

Leitast verður við að tengja grunnþætti aðalnámskár grunnskóla sem mest inn í viðfangsefni og sem dæmi um slíka nálgun má nefna:

- *Læsi* nemenda byggist á því að geta lesið rétt útúr upplýsingum af veraldarvefnum sem og að lesa verkefnalýsingar. Nemendur geti ritað og notað sér læsi til gagns.
- *Sjálfbærni* sem kemur fram í að nemendur ráða sínum vinnuhraða sem og að velja sér viðfangsefni innan verkefnis.
- *heilbrigði*, að nemendur geri sér grein fyrir hættum internetsins og geti lesið útúr miðlum á réttan hátt með miðlalæsi.
- *lýðræði og mannréttindi* nemenda felst í að gera þá sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði hjá þeim, að nemendur verði færir til þess að takast á við upplýsingatækni í nútíma samfélagi.
- *jafnrétti* þar sem nemendur fá verkefni sem höfða til þeirra og er við hæfi ásamt því að tekið er tillit til mismunandi menningaheima og það komi fram í verkum þeirra.
- *Sköpun*, að nemendur fái frjálsar hendur innan verkefnis til þess að setja sínar hugmyndir í það og að hver og einn fái að setja sitt mark á verkefni innan hóps.

Heimanám: Ekki er gert ráð fyrir heimanámi.

Námsmat: Verkefnamappa nemenda í tölvu.

Heimilisfræði val

Kennari: Matthildur Matthíasdóttir

Vikustundir: 1.5 klst á viku

Hæfniviðmið

Matur og lífshættir

- tjáð sig um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við heilsufar og sett í samhengi við ábyrgð hvers og eins á eigin heilsufar
- greint aðalatriði næringarfræðinnar og útskýrt tengsl næringarefna, hráefna og matreiðslu
- farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi og matreiðslu
- greint helstu þætti sem hafa áhrif á útgjöld við heimilishald og geti tekið ábyrgð á eigin útgjöldum og skuldbindingum og þekkt rétt sinn og skyldur sem neytandi

Matur og vinnubrögð

- Skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir úr algengu og nýstárlegu hráefni með áherslu á hagkvæmni og nýtni
- Beitt helstu matreiðsluaðferðum og notað til þess ýmis mæli- og eldhúsahöld
- Greint frá viðbrögðum við slysum á heimilum

Matur og umhverfi

- sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í vítt samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun sjálfbærni
- rætt þátt auglýsinga og upplýsinga um merkingar verð og gæði neysluvara í tengslum við neytendavernd og tjáð sig um gæði, geymslu og aukefni í matvælum

Matur og menning

- sagt frá íslenskri og erlendri matarmenningu og matreitt ýmsa þjóðrétti

Námsefni: Efni frá kennara og nemendum

Inntak náms og kennslutilhögun: Heimilisfræði fjallar um manninn, líf hans og lífsskilyrði, líkamlegar og andlegar þarfir. Greininni er ætlað að stuðla að heilbrigði og velferð og hagsýni og verndun umhverfis.

Verkleg þjálfun liggur eins og rauður þráður í gegnum allt heimilisfræðinámið þar sem sköpun og sköpunargleði fær að njóta sín ásamt virkni við matreiðslu og heimilisstörf. Nemendur læra að virða jafnrétti þar sem ólík sjónarmið og mismunandi siðir og venjur fólks eru í fjölmenningsamfélagi.

Námið er hugsað í þrepum sem þyngjast stig af stigi þar sem farið er frá hinu einfalda til hins flókna, frá hinu nálæga og þekkta til hins fjarlæga og ókunna. Í upphafi náms er lögð áhersla á grundvallaratriði en með aukinni þjálfun og sjálfstæðum vinnubrögðum við verklegt og bóklegt nám þarf að gera auknar kröfur um skilning og leikni.

Læsi nemanda er ein forsenda þess að hann geti tileinkað sér námsefni í heimilisfræði eins og í öðrum námsgreinum. Nemandinn þarf að skilja orð og hugtök sem notuð eru og þeir geti farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.

Mál- og lesskilningur nemanda er ein forsenda þess að hann geti tileinkað sér námsefni í heimilisfræði eins og í öðrum námsgreinum. Nemandinn þarf að skilja orð og hugtök sem notuð eru og geta farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum.

Námsmat: Verklegr þjálfun er stór hluti heimilisfræðinnar og námsmatið því byggt upp á símati þar sem metin er samvinna, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemendur fá einkunn í formi talna í lok hverrar annar.